

Stjórn Lífeyrissjóðs bænda leggur til eftirfarandi breytingar á samþykktum sjóðsins á ársfundi sjóðsins 19. júní 2026

1. 1. málsl. 1. mgr. gr. 13.1

Lagt er til að í samræmi við skilyrði 1. mgr. 15. gr. laga nr. 129/1997 bætist við 1. málsl. 1. mgr. gr. 13.1 skilyrði samþykktanna „og hefur greitt iðgjald til lífeyrissjóðs í a.m.k. tvö ár“ og málsliðurinn hljóði þá svo: Sjóðfélagi sem verður fyrir orkutapi, sem talið er að svari til 50% örorku eða meira, og greitt hefur iðgjald til lífeyrissjóðs í a.m.k. tvö ár, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin réttindi skv. 11. gr. og nánari skilmála 13. greinar.

2. Breyting á gr. 13.4

Lagt er til að í stað „þrjú árin“ í 3. málsl. gr. 13.4 komi: tvö árin

3. Nýtt ákvæði

Lagt er til að við samþykktir sjóðsins bætist nýtt ákvæði vegna sameiningar Lífeyrissjóðs bænda við Frjálsa lífeyrissjóðinn, viðaukaákvæði svohljóðandi:

Viðaukaákvæði við samþykktir Lífeyrissjóðs bænda

Með samningi um sameiningu milli Lífeyrissjóðs bænda og Frjálsa lífeyrissjóðsins sem undirritaður er 18. maí 2026 er ákveðið að lífeyrissjóðirnir sameinist og að sameiningin fari fram í tveimur skrefum.

Fyrra skref sameiningarinnar er miðað við 1. júlí 2026 og kemur til framkvæmdar þegar samþykki yfirvalda liggur fyrir. Réttindi sjóðfélaga Lífeyrissjóðs bænda færast þá yfir til Frjálsa lífeyrissjóðsins ásamt eignum Lífeyrissjóðs bænda. Eignir og réttindi verða varðveitt hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum í Tryggingardeild LSB, sem er ný samtryggingardeild Frjálsa lífeyrissjóðsins

Tryggingardeild LSB hjá Frjálsa er lokuð deild, sem tekur ekki við iðgjöldum vegna iðgjaldatímabila eftir fyrra sameiningardag og er ekki opin nýjum sjóðfélögum.

Um áunnin réttindi sjóðfélaga Lífeyrissjóðs bænda, sem flytjast yfir í Tryggingardeild LSB hjá Frjálsa, gilda viðeigandi ákvæði samþykktar þessara, eins og þær standa 30.júní 2026 og vísað er til þeirra í samþykktum Frjálsa lífeyrissjóðsins.

Sjóðfélagar sem öfluðu réttinda á árinu 2025 með jafnri réttindaöflun samkvæmt ákvæðum greina 11.3.1 – 11.3.6 skulu fyrir fyrra sameiningarskref öðlast rétt til viðbótar réttinda hjá LSB vegna jafnrar réttindaöflunar framtíðar umfram aldursháða réttindaöflun sem fellur niður við sameiningu sjóðsins við Frjálsa lífeyrissjóðinn.

Til grundvallar skal leggja það iðgjald sjóðfélaga sem ráðstafað var til jafnrar réttindaöflunar á árinu 2025, fært til verðlags 1.júlí 2026, kallað viðmiðunariðgjald. Finna skal mismun þeirra réttinda sem sjóðfélagi hefði aflað með greiðslu viðmiðunariðgjalds, annars vegar í jafnri réttindaöflun og hins vegar með aldursháðri réttindaöflun, sbr. viðauka A í samþykktum Lífeyrissjóðs bænda. Ekki skal miða við greiðslu iðgjalds lengur en til 60 ára aldurs, sbr. grein 11.3.2. Þannig reiknuð viðbót skráist sem áunnin réttindi í Lífeyrissjóði bænda.

Sjóðfélagi sem átti rétt til jafnrar réttindaöflunar hjá Lífeyrissjóð bænda en greiddi ekki iðgjald árið 2025 en hóf greiðslu iðgjalda að nýju fyrir 1.júlí 2026 getur sótt um að öðlast rétt til uppbóta. Skal þá umsókn skilað fyrir 1. september 2026. Ef umsókn er metin gild skal viðmiðunariðgjald þá miðað við síðasta heila ár sem sjóðfélagi greiddi til Lífeyrissjóðs bænda.

Komi eftir fyrra sameiningarskref til þess að sjóðfélagi Lífeyrissjóðs bænda öðlist rétt til framreiknings sem að hluta fellur á Tryggingardeild LSB skal framreikningur eingöngu fara eftir ákvæðum samþykktar

þessara um aldursháða réttindaöflun. Samþykktir Frjálsa lífeyrissjóðsins gilda um réttindaöflun fyrir iðgjöld sem sjóðfélagar LSB greiða til Frjálsa lífeyrissjóðsins frá og með sameiningu sjóðanna.

Í síðara skrefi sameiningarinnar verða Tryggingardeild LSB og tryggingardeild Frjálsa lífeyrissjóðsins sameinaðar.

Um áunnin réttindi sjóðfélaga LSB sem flytjast við sameiningu yfir í Tryggingardeild LSB hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum vísast sérstaklega til 11.—15. gr. í samþykktum þessum ásamt réttindatöflum og viðaukum sem þar er vísað til. Um rekstur Tryggingardeildar 2 hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum gilda ákvæði samþykktu Frjálsa eftir sameiningu.

Með reikningi uppbótaréttinda fyrir jafna réttindaávinnslu í LSB hefur sjóðurinn lokið skyldum sínum samkvæmt samkomulagi um gagnkvæma viðurkenningu iðgjaldsgreiðslna til útreiknings viðmiðunariðgjalds.

Við fyrra skref sameiningar lýkur starfsemi Lífeyrissjóðs bænda og verður honum slitið eftir að eignir og áunnin réttindi hafa verið flutt til Frjálsa lífeyrissjóðsins.

Tryggingafræðileg úttekt hefur farið fram hjá Lífeyrissjóði bænda (LSB) miðað við árslok 2025. Úttektin leiðir í ljós að heildarskuldbindingar eru hærri en heildareignir sem nemur 10,2%. Í þessu ljósi er stjórn skylt samkvæmt lögum um lífeyrissjóði að grípa til aðgerða til að rétta af hag sjóðsins.

Stjórn sjóðsins leggur því til að réttindi áunnin í LSB vegna iðgjaldatímabíla á árinu 2025 og fyrr verði lækkuð um 4,1%. Réttindaskerðingin kemur til framkvæmda 1.7.2026

Þannig lagt til á ársfundi LSB 19. júní 2026.